

Selfossi, 14. júní 2002

94. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn föstudaginn 14. júní 2002, kl. 9:00 að Austurvegi 56 Selfossi.

Mættir: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Gísli Páll Pálsson, Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfræðingur og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.
Einnig komu á fundinn Óskar Sigurðsson, lögmaður og Páll Bjarnason frá Verkfræðistofu Suðurlands.

Dagskrá:

- 1. Drög að stjórnarsýslukæru vegna ákvörðunar bæjarráðs Ölfus að beita Sorpstöð Suðurlands dagsektum skv. 57. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.**
Drögin samþykkt og Óskari falið að ganga endanlega frá kærinni.
- 2. Drög að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Kirkjuferjuháleigu.**
Drögin kynnt. Gísli Páll lagði fram nokkrar athugasemdir f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss. Fundað verður með Hollustuvernd um drögin.
- 3. Bréf frá Veiðifélagi Árnesinga, dags. 25. apríl 2002, varðandi sorpurðun í Kirkjuferjuháleigu.**
Í bréfinu er kynnt tillaga sem var beint til stjórnar á aðalfundi þess efnis að sorpurðun verði hætt á bökkum Ölfusár.

Eftirfarandi svar var samþykkt:

“ Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands lýsir undrun sinni á framkominni tillögu sem byggist greinilega á vanþekkingu á starfsemi stöðvarinnar og þeim reglum sem um hana gilda. Sorpstöð Suðurlands er reiðubúinn að kynna fulltrúum Veiðifélags Árnesinga starfsemina og almennt stöðu og þróun sorpförgunarmála í nútímasamfélagi ”

- 4. Málefni Kjötmjöls ehf.**
Málefni fyrirtækisins rædd.

Fundi slitið kl. 10:30

Karl Björnsson
Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson
Guðmundur Tr. Ólafsson

Gísli Páll Pálsson

